


# Með upplýsingastríði til upplýsingaeinokunar.

**Hvort sem maður vill trúa því eða ekki: Líkt og reynt er að koma heiminum undir ein yfirráð, undir einn alþjóðlegan gjaldmiðil, eitt heimsskipulags, eina heimstrú o.s.frv. þá er líka alvarleg viðleitni til þess að koma á einum heims-upplýsingum. Það segir sig sjálft að slíkum markmiðum nær maður ekki fram nema innum bakdyrnar, þ.e.a.s. að blekkingarleik sé beitt á heimsvísu.**

Hvort sem maður vill trúa því eða ekki: Líkt og reynt er að koma heiminum undir ein yfirráð, undir einn alþjóðlegan gjaldmiðil, eitt heimsskipulags, eina heimstrú o.s.frv. þá er líka alvarleg viðleitni til þess að koma á einum heims-upplýsingum. Það segir sig sjálft að slíkum markmiðum nær maður ekki fram nema innum bakdyrnar, þ.e.a.s. að blekkingarleik sé beitt á heimsvísu. Með villandi fyrirslætti, sviðsettum krísum og þjóðarsvikum. Enginn mun nokkru sinni stíga fram og viðurkenna opið að þessar fjölmörgu krísur og stríð komi sér einfaldlega að góðum notum, að þær þjóni sér einmitt feikivel sem stökkbretti til eigin heimsyfirráða. Eins mun enginn standa upp og lýsa því yfir að allar þessar svívirðilegu birtingar, rangfærslur og upplogni fréttaflutningur á netinu nýtist sér býsna til að réttlæta og hrinda af stað sinni eigin upplýsingaeinokun.
Engu að síður eru öll þessi fyrrnefndu verkefni í fullum gangi. Því eru líka þessi svokallaða internetritskoðun sem allir hafa óttast nú þegar orðinn hversdagsleiki. En ef þessi tilhneyging á ekki á að fara yfir í alheims-upplýsingaeinokun á næstunni, þarf að vinna af mun meiri alvöru. Hver sem starfar að upplýsingavettvangi eða óháðri fréttaþjónustu þarf öllu fremur að vinna af meiri alvöru. Þetta mun eingöngu þá takast ef heimildarmenn þeirra vinna vinnuna sína áreiðanlega. Við sjálf hér á Kla-TV fáum sífellt betur staðfest að markvisst sé verið að reyna senda okkur upplognar fréttir. Það er nákvæmlega jafn dauðadæmt að senda okkur rangar fréttir og heimildalausar fréttir. Sendi einhver þar að auki, af hvaða ástæðu sem er, falskar yfirlýsingar eða röng sönnunargögn gerir sá hinn sami sig þar að auki refsiverðan. Hann gerir sig að vitorðsmanni þeirra afbrotahópa sem Kla-tv bendir dómskerfinu stöðugt á. Þarmeð getur hann sjálfur reiknað með ákæru.
Punkturinn sem við viljum gera með þessu er að sérhver ófullnægjandi fréttaflutningur flýtir ekki bara fyrir internetritskoðun heldur beinlínis rennir stoðum undir völd þeirra sem sækjast eftir algerri upplýsingaeinokun. Þegar búið er að koma henni á verður hver sá refsiverður sem opnar munninn og afneitar þessu fyrirframgefna sjónarhorni. Er þetta það sem við viljum? Ef ekki, þá biðjum við þig um að taka vel á móti ábendingum okkar.
Innihaldslega er mikilvægi eftirfarandi fréttar svo eldfimt að við viljum ekki halda henni til baka. Á hinn bóginn fylgja þessum vitnisburður ónógar en æskilegar sannanir á nokkrum staðreyndum sem eftir á að sannreyna. Við auðkennum þessa staði greinilega. Þar sem fréttin var þrungin persónulegum ótta og dramatík sem er ekki í okkar anda – hér hjá ritstjórn Klagemauer.tv, miðlum við eingöngu meginninnihaldi atburðarins sjálfs. Óstytta útgáfu hennar er að finna hvarvetna á netinu. Við biðjum um skilning ykkur á þessu með tilliti til fyrrgreinds samhengis.
Vegna þess hversu höfundi er umhugað um að þessi frétt berist hratt út fáið þið textann hans sem hljóðskjal frá Radio Tribunal. Endilega haldið hlustuninni áfram.

Texti eftir Hal Turner:
Rússland hefur varað við hættunni á nýrri heimstyrjöld ef Sádí-Arabar, USA og önnur lönd gera alvöru úr fyrirætlun sinni að senda hersveitir til Sýrlands.
National Security Intelligence-Asset-; FBI Joint Terrorism Task Force
Til að byrja með koma hér nokkrar bakgrunnsupplýsingar um mig: Ég vann frá 1993-2008 fyrir FBI. Frá 2003 til 2008 var ég hjá National Security Intelligence með FBI Joint Terrorism Task Force (JTTF). Ég yfirgaf FBI í janúar 2008 og ári seinna var ég illa svikinn af Obama ríkistjórninni sem handtók mig vegna opinberra yfirlýsinga minna -árið 2009-, fyrir sömu orð og ríksstjórnin greiddi mér fyrir að segja árið 2005.
Eftir að hafa leitt mig fyrir dómstóla, gert mig gjaldþrota og skipt lögfræðingum mínum út fyrir lögskipaðan verjanda, var ég dæmdur til 33 mánuða vistar í ríkisfangelsi. 2012 var mér sleppt eftir að ég hafði setið inni í þrjú ár og fékk fyrst þann 7. okt. 2015 að hefja aftur útvarpsendingar mínar.
Við réttarhöldin yfir mér í Brooklyn sagði Amy Pickett, 3. hæsti embættismaður FBI í New York borg, Assistent Special Agent in Charge (ASAC) fyrir rétti að starf mitt hefði verið njósnavörn og barátta gegn hryðjuverkum hjá „National Security Intelligence“. Allt sem ég hef að segja ykkur er 100% rétt, þ.e.a.s staðreynd.
Ég er ekki viss um hvort þið höfðuð möguleika á því að hlusta á útvarpsþáttinn minn í nótt sem leið. Stærsti hluti þáttarins fjallaði um hraða þróun ástandsins í Sýrlandi. Í stuttu máli þá erum við núna í mjög mikilli hættu. Þegar ég tala um „við“ þá meina ég mig, þig, fjölskyldur okkar og vini... þjóðirnar... okkur öll. Ég er ekki að ýkja hérna.
Ég er í reglulegu samband við fyrrum félaga mína í FBI og önnur yfirvöld og þau eru greiningu minni sammála! Við erum á hraðri siglingu í átt að átökum af því tagi sem heimurinn hefur ekki séð síðan á fjórða áratugnum og mjög líklegt er að beitt verði kjarnavopnum. Það verður ekki hjá því komist. Ég skal útskýra fyrir ykkur hvers vegna.
https://youtu.be/ajlKbxVYzJU?t=49m4s (Því miður er ekki allstaðar hægt að opna myndbandið en það á að vera hægt að opna það með Proxtube og Firefox. Innskot ritstjórnar)
Hér eru þessar hræðilegu staðreyndir sem þið þurfið að vita:
Sýrland þjáist vegna borgarastyrjaldar sem staðið hefur yfir mörg ár. Uppreisnarmenn hafa reynt að koma forseta landsins Baschar al Assad frá völdum. Uppreisnarmennirnir eru styrktir af Sádi-Arabíu, Tyrklandi, Katar, Kúveit, Pakistan og öðrum súnnískum löndum. Þessi súnnísku lönd eru ekki sátt við að Sýrlenski forsetinn Baschar al-Assad sé alevitskur Múslimi. Trú hans stendur nær sjíum Íslam, íranskri tegund af múslimatrú. Sjíar og súnítar er hugmyndafræðilega séð hræðilegir óvinir.
Það er í þágu súnnísku þjóðanna að reka Assad frá völdum þannig að þeir (súnnítarnir, innskot ritstjórnar) nái yfirráðum á Sýrlandi og að landið komist undir súnnísk áhrif.
USA styður líka uppreisnarmennina. Þeir vilja ýta undir óstöðuleika í Sýrland eins og þeir gerðu í Írak og Líbýu, og eins og þeir hafa gert hjá nánast öllum öðrum þjóðum á síðustu 10 árum! Í stuttu máli, við í USA og bandamenn okkar verndum uppreisnarmennina sem reyna að koma sýrlenskum stjórnvöldum frá völdum. Við verndum „vondu strákana“.
Sýrland hefur alltaf verið í hernaðarlegu samstarfi við Rússandi. Rússland hefur úthafshöfn í Sýrlandi sem er mikilvæg rússneska sjóhernum. Þegar ljóst var að Sýrland væri að falla í hendur uppreisnarmannana þá sendu Rússar herlið inn í landið með leyfi Sýrlands.

Uppreisnarmennirnir, hryðjuverkamennirnir og vitorðsmenn þeirra.
Þessir „uppreisnarmenn“ eru heldur dapurleg grúppa. Sumir þeirra kalla sig Sýrlenska frelsisherinn á meðan aðrir eru hluti af Al-Nursa-Front. En þessir uppreisnarmenn eru líka

með fólki frá Al Qaida og ISIS, þ.e.a.s. í sambandi við hryðjuverkamenn.
ISIS yfirtekur heilu landsvæðin, stelur auðlindunum og notar peningana þaðan til þess að fjármagna hryðjuverk sín. Í Sýrlandi ræður ISIS yfir næststærstu borgina Aleppo og öðrum minni stöðum eins og bænum Raqqa. Í Írak stýrir ISIS borginni Mosul. Svæðin eru olíurík í báðum þessum löndum og ISIS hefur stolið olíunni.
Það sem heiminum var ekki ljóst fyrr en nýlega, er að Tyrkland á í leynilegri samvinnu við ISIS. Bókstaflega þúsundum olíutanka var stolið frá Írak og Sýrlandi og þeir fluttir fullir af stolinni olíu til Tyrklands og seldir þar. Og það án þess að nokkur spyrði nokkurra spurninga. Mánaðarlega verður ISIS 100 milljón $dollara ríkari vegna þessa olíuþjófnaðar!
Rússland styður bandamenn sína.
Þegar Rússland tók þátt í stríðinu með Sýrlandi var það með tveim markmiðum:
1) Berjast við uppreisnarmennina sem reyna að steypa sýrlenska forsetanum Baschar al-Assad og
2) Berjast gegn hryðjuverkamönnum.
Rússland býr yfir frábæru upplýsingakerfi, hefur mjög góða njósnagerfihnetti og mjög gott rafrænt samskipta- og njósnakerfi. Með þessu kerfi komst Rússland að upplýsingum hvar og hvernig ISIS starfaði og byrjaði að herja á það með loftárásum. Við það stöðvaðist flæði olíunnar. Þegar flæði stolinnar olíu minnkaði kom minni peningur í kassann og ágóðinn hvarf. Tyrkneska ríkistjórnin, í kringum Erdogan og synir hans þénuðu vel á olíusmyglinu. Svo að sljákkaði á Rússland ákvað Tyrkneska ríkistjórnin að senda þeim viðvörun: Þeir skutu niður rússnenska herþotu.
Þið munið örugglega að Pútin Rússlands forseti fordæmdi þessa árás. Á undangengum mánuðum höfðu Rússar náð ótrúlegum árangri bæði gegn uppreisnar- og hryðjuverkamönnunum. Höfðu virkilega gert mjög góða hluti.
En það spillir fyrir hinum stóru fyrirætlunum Sádí-Araba sem felast í því að ná stjórn yfir súnnísku löndunum og Sýrlandi með því að styðja olíugróða Tyrkja á stolnu olíunni. Eins vilja Bandaríkjamenn fá Assad frá völdum. Þegar sigurganga uppreisnarmannanna dvínaði sýndu Sádar vilja til innrásar.
Í síðustu viku hóf sýrlenski stjórnarherinn að frelsa borgina Aleppo með hjálp frá Rússum og Írönum. Þegar Saudí-Arabar og bandamenn þeirra sáu að Aleppo var umkringd og myndi falla þótti einsýnt að fyrirætlunin að fella Assad væri ekki lengur möguleg. Aleppo er lykilsvæði og háborg uppreisna- og hryðjuverkamanna.
Í síðustu viku (1. febrúar viku, innskot ritstjórnar) datt Sádí-Aröbum í hug að senda 150.000 manna fótgöngulið til Sýrlands til að „berjast við ISIS“. Ljóst er að allir sem vita hvað þarna er á seyði skilja að þetta er algjör bábilja. Fyrirætlun þeirra er ekki að berjast við Íslamska ríkið heldur hjálpa uppreisnarmönnum við að koma Assad frá völdum. Tyrkland vill vernda ISIS til þess að þeir geti haldið áfram að þéna af stolnu olíunni.
Enginn tók tilboði Sádí-Araba alvarlega því allir vita hvað sé eiginlega í gangi. Því lýsti Ashton Carter varnamálaráðherra Bandaríkjanna tilboðinu frá Sádí-Aröbum að senda 150.000 manna fótgöngulið, opinberlega sem „góðri hugmynd“ sem ræða ætti við hina bandamennina.
Hinar opinberu viðvaranir
Sýrland og Rússland fylgjast mjög nákvæmlega með kringumstæðunum. Þegar erlendar hersveitir koma inn í landið munu þær ekki berjast gegn ISIS heldur styðja uppreisnarmenn sem vilja koma Assad frá völdum hvað sem það kostar. Sýrlenski utanríkisráðherrann sagði opinberlega að enginn mætti draga í efa landamæralegt fullveldi Sýrlands og sá sem reyndi það, færi aftur heim í líkistu. Einn þingmaður rússnesku ríkisdumunnar útskýrði að þegar erlendur landher færi án leyfis Sýrlensku ríkistjórnarinnar inn í Sýrland þá væri það stríðsyfirlýsing.

Á miðvikudaginn fékk ég frétt frá samstarfsmönnum mínum úr fréttaþjónustunum að Sádí-Arabar og 25 „bandamenn“ þeirra væri byrjaðir að safna liðsafla í norðurhluta Sádí-Arabíu. Að þessu sinni voru það ekki 150.000 menn eins og áður var nefnt, heldur 350.000 menn (það væri allur Sádí-Arabíski herinn ásamt varaliðsmönnum, innskot ritstjórnar).
Það væri áfall ef rétt reynist að Sádar og bandamenn þeirra hefðu lagt til tuttuguþúsund skriðdreka (20.000). Öllu verra er að 2.450 herþotur eru á leiðinni til norðurhluta Saudí-Arabíu og að Sádar hafa lokað loftrými sínu í norðurhlutanum. Auk þessara 2.450 orustuflugvéla standa 460 herþyrlur tilbúnar. (Ekki er hægt að sannreyna þessar tölur. Á meðan allar aðrar útskýringar eru óaðfinnanlegar þá væri hægt fyrir tilverknað ranga talnaupplýsinga að draga úr trúverðugleika upplýsingavettvangs. Turner hefur áður lent í lygum uppljóstrara – innskot ritstjórnar)
Sádí-Arabía haldur því fram að allt þetta sé einungis hluti af heræfingu. Þvæla. Frá upphafi sögunnar hefur aldrei verið haldin æfing með 350.000 mönnum, 20.000 skriðdrekum, 2.450 orrustuþotum og 460 herþyrlum. Það er einfaldlega enginn möguleiki að framkvæma æfingu af þessari stærðargráðu. Það sem raunverulega á sér stað er að verið er að safna saman innrásaher. Sádí-Arabar segja líka að þessi æfing muni taka 18 daga. Það væri 29. febrúar.

Þegar þessar upplýsingar voru gerðar opinberar, endurtóku Rússar viðvörun sína þess efnis að innrás erlends herafla inn í Sýrland án Sýrlensks leyfis væri stríðsyfirlýsing. Ákvörðun Sádí Araba að senda landher til Sýrland er endanleg.
Seinna þennan dag tilkynnti Ashton Carter varnamálaráðherra að hann muni biðja bandamenn NATO að taka þátt í ríkjasambandi undir stjórn USA sem senda myndi hersveitir til Sýrlands.
Svar frá Rússlandi kom hratt: Þetta kvöld varaði rússnenski forsetisráðherrann Dmitri Medwedew: „Sá sem sendir herflokka til Sýrlands, á það á hættu að koma 3. heimsstyrjöldinni á stað“. Hann endurtók enn einu sinni viðvörun sína að allur erlendur landher sem fylkti liði inn í Sýrland án leyfis væri stríðsyfirlýsing.
Seinna þetta kvöld greindi The Irish Times frá því að tilgangur Saudí-Araba væri að standa gegn Rússlandi. En sjáið nú bara! Átti ekki að berjast við ISIS? Hver tók ákvörðun um þetta? Það versta við þetta er að NATO var sett á fót í Evrópu henni til verndar frá stóru vondu Sovétríkjunum. Rússland gæti sent 100 herdeildir á vígvöllinn en NATO gæti varla sent nema 12 á móti. Rússland gæti sent 18.000 skriðdreka á vígvöllinn en NATO bara 5000. (Ekki er hægt að staðfesta þessar tölur, gerið því engar staðreyndir úr þessu fyrr en staðfesting berst. Innskot ritstjórnar.)
Eini möguleikinn til að seinka 100 herdeildum með 18.000 skriðdreka eða stoppa þær er beiting kjarnavopna. Þar með var ekki lengur nauðsynlegt fyrir NATO að aðlaga landher sinn að stærð og styrk Rússlands. Kjarnaógnin virkaði og allt féll í ljúfa löð.
Samanburðurinn við Sýrland: til dagsins í dag er eini möguleikinn að stoppa 350.000 manna her með 20.000 skriðdrekum beiting kjarnavopna. (Athugið hér sameinar Turner óstaðfesta tölu sem staðreynd og allt annað er því hans eigin ályktun – uns hún reynist sönn. Innskot ritstjórnar). Það er einfaldlega enginn annar möguleiki. Rússland hefur lýst yfir að við tilvistarlega ógnun munu þeir ekki skirrast við að hefja kjarnorkuárás.
Bandarískir fjölmiðlar þegja yfir þessu öllu.
Það er gert með vilja. Þeir vilja koma ykkur algjörlega á óvart. Því þegar stríðið brýst út vilja þeir hafa þig of hræddan til að trúa þessu og svo þú gerir bara það sem stjórnmálamennirnir segja þér.
Þegar þetta stríð brýst út - núna eftir 18 daga - og Rússar gera það sem þeir verða að gera til þess að vernda Sýrland gegn erlendum herflokkum. Þá er það eina sem mun birtast opinberlega er „Rússland réðst á Sádí-Arabíu með kjarnavopnum. Sádí-Arabar eru

bandamenn okkar og við verðum að fara hjálpa þeim.“
Ameríkanar, algjörlega óupplýstir um hver hinn eiginlegi óvinur sé, heyra að „Rússland og bandamenn þeirra hafi beitt kjarnavopnum“ og þeir munu vilja ná þessum „bastörðum“ og þeir munu fara í stríð; stríð sem er í grunninn þegar byrjað.
Dömur mínar og herrar, ágætu meðborgarar,
Við megum ekki slappa af og leyfa þessu að gerast.
Við getum ekki leyft að fólk hefji í heimstyrjöld vegna trúarlegrar sannfæringar og þeirrar eigingjörnu ósk að stýra öðrum löndum.
Við getum ekki sent syni okkar í stríð fyrir þetta brjálæði!
Ég á einn son á herskyldualdri. Ég tala núna sem faðir hans til þess að vernda hann frá þessari vitleysu.
Ég bið ykkur að dreifa þessu orði. Sendið krækju á þessa grein til þess að allir viti þetta. Segið þið fjölskyldum, vinum, nágrönnum, félögum og biðjið þá að lesa þessa frásögn til þess að þeir viti hvað er í raun og veru í gangi. Að þeir taki þessu alvarlega og viti hvaða hættu við erum öll í. Það þarf ekki að koma til stríðs.
Kjarnorkustríðs.
Nema að við stöndum upp, einmitt núna og segjum þjóðkjörnum fulltrúum okkar að við bönnum það algjörlega að her verði sendur til Sýrland til þess að leiða okkur inn í eyðingu.. . en þeir hafa nefnilega góða ástæðu til þess að gera það samt:
Efnahagslegt hrun
Stjórnvöld í USA og í Evrópu þurfa að dreifa athygli almennings frá komandi efnahagshruni. Einmitt núna þegar allir bankarnir í Evrópu riða til falls -vegna lélegra lánsviðskipta, spákaupmennsku og spillingar-.
Í Þýskalandi svo dæmi séu tekin hafa hlutabréf í Deutsche Bank fallið um meira en fimmtíu prósent (50%). Þar sem 40% þessa samdráttar er síðan 1. janúar og fólk kemur í hrönnum og tekur peningana sína út. Bankarnir eru orðnir óstöðugir.
Þegar Deutsch Bank hrynur þá springur afleiðusamninga bomba að virði $50 billjóna sem mun leiða allan bankaheiminn til hruns.
Í USA eru „too big to fail“ bankarnir líka flæktir inn í þetta hrun, því að stað þess að breyta þessu hefðu björgunaraðgerðir eins og árið 2008 verið nauðsynlegar til þess að halda skipinu á floti. En núna er allt miklu verra og skuldirnar eru miklu hærri en 2008!
Ríkistjórnirnar hafa ekki fjármagn til þess að bjarga bönkunum úr vandræðunum þannig að bankarnir munu hrynja – og það munu þeir gera - ríkisstjórnirnar munu reyna að beina athygli fólksins frá þeirri staðreynd að allur sparnaðurinn þeirra sé horfinn og lífeyrisjóðurnir tæmdir; ... „takmarkað kjarnorkustríð“ er nákvæmlega það sem þeir þurfa til þess að leiða athygli fólksins frá tapi sparifésins þeirra!
Það getur verið að við séum of sein.
Kannski erum við ekki fær um að stoppa stríðið, en við verðum að minnsta kosti að reyna það. Það má ekki koma til stríðs. Það er engin ástæða eða réttmætur áhugi fyrir því að steypa Sýrlensku stjórninni frá völdum og við erum örugglega vondu kallarnir ef við höldum áfram að reyna það.
Ef við leyfum Sádí-Arabíu og múslimavinum þeirra að grípa inn í Sýrlandsdeiluna þá getum við verið viss um að það leiði til stríðs við Rússland og beiting kjarnavopna er eini möguleiki Rússland til þess að verja Sýrland. Um leið og það gerist þá munu þeir sem tilheyra USA hernum fá skipun til árásar, þeir munu verða kallaðir til herþjónustu ... Allt þetta, eingöngu til þess að beina okkur frá efnahagshruni tilkomnu vegna gráðugra bankastarfsmanna og óhæfra stjórnmálamanna.
Sendið krækjuna á þessa grein á Facebook, Twitter, Google+, Pinterest, Instagram, Craigs listann og spjallrásirnar eða miðlana sem þið kíkið oft á. Við höfum síðasta orðið varðandi

það sem gerist.
__________________________________________________________________________--
(Í lokin einbeitir hann sér að USA, en það getur líka verið hvetjandi fyrir Evrópubúa að hefjast handa. Innskot ritstjórnar).
Hafið samband við Bandarísku þingmennina ykkar, hafið samband við bandarísku öldungardeildarþingmennina ykkar til þess að segja þeim að þið sem borgarar og kjósendur standið gegn því að hersveitir verði sendar inn í Sýrland. Það er ekki okkar mál og maður þarf að banna þeim það. Og gerið þeim það ljóst að ef þeir hlýða ekki og leyfa þessari sviðsetningu að eiga sér stað þá munið þið aldrei veita þeim atkvæði ykkar framar.
Gerið þið sérhvern þeirra persónulega ábyrgan.
Gerið þeim ljóst að pólitískt séð geti þeir ekki lifað af.
Gerið þeim ljóst að þetta muni verða endalok frama þeirra eftir kosningaósigur ef þeir hlýða ekki. Þetta hefur afgerandi þýðingu.
Það er í hæsta lagi 18 dagar til stefnu áður allt fer í háa loft, það getur líka gerst fyrr.
Guð blessi ykkur og megi Guð blessa sameinuð ríki Ameríku!

**eftir is.**

## Heimildir:

https://ddbnews.wordpress.com/2016/02/17/18-tage-bis-zum-3-weltkrieg/

## Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Strid-Baratta - Stríð-Barátta milli landa - www.kla.tv/Strid-Baratta

#Fjolmidlar - www.kla.tv/Fjolmidlar

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.